

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

Bt. Jón Þrándur Stefánsson

Erindi: Sérreglur um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavíkurhrepp fiskveiðiárið 2021/2022.

Súðavíkurhreppur leggur til eftirfarandi sérreglur fyrir úthlutun byggðakvóta til skipa og báta í Súðavík fiskveiðiárið 2021/2022. Þá eru óveidd um 115 tonn sem færast milli ára og koma jafnframt til úthlutunar sbr. eftirfarandi. Til úthlutunar nú eru auk þess 90 tonn í hlutdeild byggðakvóta sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 919/2021 um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021/2022. Eftirfarandi eru reglur í töluliðum 1-5 ásamt stafliðum, sjá meðfylgjandi greinargerð:

1. **Skip og bátar sem koma til álit við úthlutun byggðakvóta Súðavíkurhrepps:** Skip og bátar með heimahöfn í Súðavík frá og með 1. júlí 2021 koma til álita við úthlutun hafi gilt veiðileyfi og krókaflamark, frístundaveiða, kvóta eða leyfi til veiða á strandveiðum. Víkja má frá skilyrðum um skráða heimahöfn miðað við 1. júlí 2021 sbr. lið 5.c. Gildir það hvort sem um er að ræða í krókaflamarkskerfi eða öðrum kerfum.
2. Byggðakvóta skal landa í Súðavíkurhöfn og eru undapágur frá því einungis til álita vegna *force majeure* ástæðna og skal tilkynnt til Súðavíkurhafnar fyrirfram.
3. Öllum byggðarkvóta og mótframlagi skal landað í Súðavíkurhöfn og ber að merkja sérstaklega byggðakvóta og tilkynna við löndun skv. áskilnaði í gildandi reglugerð um byggðakvóta.
4. Byggðarkvóta er úthlutað "*tonn á móti tonni*" sbr. skilgreiningu gildandi reglugerðar um byggðakvóta, við úthlutun þarf að leggja fram mótframlag á móti úthlutun innan fiskveiðiársins.
5. Skipting byggðakvóta Súðavíkurhrepps fyrir fiskveiðiárið 1. september 2021 – 31. ágúst 2022, úthlutun auk eftirstöðva, alls 205.854 kg:
 - a. Flokkur frístundabáta 75 þorskígildistonn með heimild til að jafna milli báta innan sömu útgerðar án hámarks á hvern bát.
 - b. Krókabátar/krókaflamarksbátar skráðir í Súðavík 1. júlí 2021 65 þorskígildistonn en hámark 13 tonn á bát. Áskilinn er réttur til endurúthlutunar 15. júlí 2022 miðað við aflagstöðu/kvótastöðu. Heimilt að endurúthluta sbr. lið 5.c.
 - c. Úthlutun til krókaflamarksbáta/frístundabáta/strandveiðibáta sem taki mið af kvótastöðu 1. júlí 2022 – alls 65 tonn. Þannig verður heimilt að úthluta allt að 10 þorskígildistönum af óveiddum úthlutaðum byggðakvóta til þeirra báta sem nýtt hafa úthlutun sbr. staflið a.-b. eða annað skip eða bát sem uppfyllir að öðru leyti skilyrði og hafi þá skip/bátur eða útgerð heimilisfesti í Súðavík. Þessum hluta, 75 þorskígildistönum er ekki úthlutað fyrr en við endurskoðun og komi til framkvæmda í síðasta lagi 15. júlí 2022. Fyrirsjáanlega vannýttar heimildir skv. lið 5.b. komi einnig til úthlutunar.

Þannig gert í Súðavík 31. janúar 2022,


Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

Byggðakvótaúthlutun í Súðavíkurbhreppi 2021/2022.

Greinargerð með sérreglum um byggðakvótaúthlutun og beiðni um undanþágu frá vinnslusamningi.

Í fylgiskjali með úthlutuðum byggðakvóta sbr. erindi frá Fiskistofu í tölvupósti dags. 23. desember 2021 eru vísanir í þær reglur sem gilda hjá nokkrum sveitarfélögum vegna úthlutunar byggðakvóta og um löndunar- og vinnsluskyldu. Ljóst er að fyrirkomulagði er mismunandi þó almennt sé bæði vinnslu- og löndunarskylda innan sveitarfélags, líkt og eðlilegt var þegar byggðakvótanum var komið á. Staðan landið um kring er önnur en þegar regluverkið var mótað, enda voru fiskvinnslur starfræktar í þá víða um landið, jafnvel fleiri en ein í þorpi eins og Súðavík.

Í dag hefur orðið samþjöppun í greininni og fiskvinnslur eru ekki til staðar nema á stöku stöðum og jafnvel ekki í þeim byggðarlögum þar sem byggðarkvóta er úthlutað. Sérhæfing og aðlögun hefur orðið í greininni og er t.a.m. í Súðavík enn til staðar vísir að vinnslu en þar er þurrkaður fiskur í harðfiskframleiðslu og lifur niðursoðin til fullvinnslu. Allt að einu er ekki landað til vinnslun beint enda fer ekki nema lítið brot af lönduðum afla til vinnslu í Súðavík. Vegna stærðar fisks fer einungis lítið brot í harðfiskvinnslu auk þess sem verðmætasti hluti, hnakkastykki og framstykki fara til annarrar verkunar.

Sú staða hefur verið viðvarandi í Súðavíkurbhreppi að einungis einn vinnsluaðili hefur komið til greina. Um er að ræða Vestfisk ehf. sem rekið hefur harðfiskverkun í Súðavík til nokkurra ára og jafnframt þegið byggðakvóta á skip tengd fyrirtækinu. Önnur félög standa að verkuninni Vestfiski ehf., a.m.k. Aurora Seafood, Klofningur og Íslandssaga sem rekur fiskvinnslu á Suðureyri og jafnframt þiggur byggðakvóta á Flateyri undir þessum sömu regnhlífarsamtökum. Allt er þetta rekið í húsnæði stórs hluthafa í Klofningi, Hraðfrystihússins Gunnvarar (HG). Hafa skip í eigu Aurora Seafood þannig þegið úthlutun af byggðakvóta Súðavíkurbhrepps auk þess sem landaður byggðakvóti hefur verið lagður upp hjá félaginu, nú síðast 85 þorskígildistonn. Sú úthlutun var flutt á skipið Tindur ÍS-235 sem skráður er með heimahöfn á Flateyri á liðnu fiskveiðinári. Samkvæmt yfirliti hefur þó byggðakvóti ekki verið veiddur að fullu á fiskveiðinárinu 2020/2021. Tindur ÍS-235 fékk úthlutun sem skip tengdur vinnslusamningshafa, þ.e. skip inann sömu útgerðar eða tengdra aðila. Þá hefur byggðakvóti annarra með vinnslusamning verið lagður upp þar auk móttframlags, jafnan á verðlagsstofuverði sem er langt undir markaðsverði með tilheyrandi skerðingu til þeirra sem leggja upp þar auk Súðavíkurbhrepps vegna aflagjalda.

Síðastliðið vor var sveitarstjóri boðaður á fund Aurora Seafood (Íslandssögu) á Suðureyri til þess að ræða framtíðar samstarf um byggðakvóta og áframhaldandi rekstur í Súðavík. Kom fram á þeim fundi að tækjabúnaður hafi verið endurnýjaður á Flateyri þar sem harðfiskverkun er einnig rekin. Einnig kom þar fram að rekstur væri í uppnámi í Súðavík vegna stöðu sem varðar heimsfaraldur covid-19. Kom fram að miðað við framlegð myndi ekki borga sig að endurnýja tækjakost harðfiskverkunarinnar í Súðavík – dýr búnaður til þurrkunar og því stefnt að því að færa framleiðsluna alfarið til Flateyrar. Samt sem áður lýstu forsvarsmenn því yfir að í stað þess yrði þökkunarþjónusta færð til Súðavíkur fyrir framleiðsluvörur fyrirtækisins og tengdra aðila. Þannig yrðu þau störf sem unnin hafa verið í Súðavík varin að sögn. Þá hékk saman við þau áform ósk um að fá áfram hlutdeild í byggðakvóta Súðavíkurbhrepps fyrir Tind ÍS-235 líkast til svo unnt væri að halda áfram samstarfinu.

Sama hefur hangið yfir sveitarstjórn Súðavíkurbhrepps í raun frá því kerfinu um byggðarkvóta var komið á fót. Langt er um liðið frá því Frosta í Súðavík var lokað þar sem unnin var rækja, en útgerðarsagan er fortíð og ekki eitthvað sem kemur til baka.

Mikil óánægja var meðal þeirra sem standa að heimaflota, þeirra krókaflamarksbáta sem stunduðu strandveiðar og sóttu í byggðakvóta og hafa landað afla sínum til Íslandssögu. Fólst það meðal annars í því að vinnslusamningshafi tók á móti fiski eftir hentugleika, stundum ekkert og jafnan á verðum sem aðilar voru ósáttir við. Áframhald á sömu braut mun leiða til þess að þeir sem jafnframt stunda strandveiðar muni hætta að sækja í byggðakvótann þar sem afkoma þeirra er að vonum skert, þegar vinnslusamningsaðili tekur stundum ekki við afla, metur hann á verðum sem endurspeglar ekki markaðsverð auk þess sem aðeins brot aflans fer raunverulega til vinnslu.

Í harðfiskverkun hentar ekki nema smæsti fiskurinn og aðeins hluti aflans í öllum skilnigi meðan krókabátarnir eru að koma með nokkuð háa meðalvigt að landi. Er það því svo að vermætasti fiskurinn fer í aðra vinnslu eða er seldur áfram án þess að telja í byggðakvóta með uppgjöri sem skilar sér illa til þeirra sem veiða. Hafði sveitarstjóri samband við Íslandssögu vegna þessa og kom athugasemdum á framfæri og var jafnan lofað bót og betrun, en yfirleitt gefnar þær skýringar að of mikill afli væri að berast að landi þegar það væri óhentugt eða að verð á mörkuðum endurspegluðu framboð til skamms tíma.

Vandræðagangurinn var ræddur í sveitarstjórn nokkur skipti og var það niðurstaðan að sveitarstjóra var falið að koma úthlutunarreglum í þann farveg að hámarka afgang til sveitarfélagsins og skapa meiri sátt um úthlutun og verð. Skal hér vísað til fundargerðar 39. fundar sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps föstudaginn 10. september 2021 undir 9. lið:

9. Byggðakvóti – tillögur að fyrirkomulagi úthlutunar 2022

Sveitarstjórn leggur fyrir sveitarstjóra að leita allra mögulegra leiða sem sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofa leyfa til þess að hámarka framlegð af úthlutun byggðarkvóta fyrir Súðavíkurhrepp. Sveitarstjórn leggur til að leitað verði eftir leyfi til þess að landa byggðarkvótaframlagi á markað og fá undanþágu til þess að hafa ekki gildan vinnslusamning svo sem fordæmi eru fyrir við sérreglur einstakra sveitarfélaga.

Er það enda svo að verðið á lönduðum afla hangir saman við það sem fæst í afgangi auk þess sem afli sem ekki var tekið við fer til löndunar annars staðar með viðkomu í Súðavík. Hefur hann jafnvel verið seldur áfram af vinnslusamningshafa sem nýtur þar mismunar á kaup og söluverði, annars vegar verðlagsstofuverði eða meðaltalsverði af mörkuðum og áframsölu á markað hér fyrir vestan. Þá fæst ekki viðmið á fisk sem átti að leggja upp sem byggðakvóta eða mótframlag.

Og niðurstaðan alltaf sú sama að mestur hluti úthlutunar frá ári til árs og „fyrningar“ færðust milli ára. Þá hefur komið til skerðing við úthlutun sem óhjákvæmilega leiðir af fyrirkomulagi með tilheyrandi „tjóni“ fyrir Súðavíkurhrepp þar sem minna fer um Súðavíkurhöfn.

Allt hefur þetta verið undir nettri hótun vinnslusamningshafa um að hætta rekstri í Súðavík fái þeir ekki hlutdeild í byggðakvóta sem þeir segja forsendu rekstrar í Súðavík. Við þetta ástand verður ekki unað, enda getur fyrirtæki ekki þannig haldið úthlutun í helgreipum, sem á að vera á hendi Súðavíkurhrepps, og stýrt því þannig hvernig úthlutun er háttáð. Hér eru skýrar kröfur um að fá að hámarka það sem til úthlutunar er og fengist fyrst með herra aflaverði og þar með aflagjöldum.

Er það mat sveitarstjórnar og sveitarstjóra að farsælast sé, að óbreyttu, meðan ekki er rekin hér fiskvinnsla sem rauverulega vinnur aflann, að óska eftir undanþágu frá vinnsluskyldu og styrkja þannig stoðir fyrir þá sem hér gera út á krókaflamark og frístundabáta sem leigt hafa kvóta.

Þannig verður hámarkað það sem fer til löndunar í Súðavíkurhöfn og hæst afgangur í aflagjöld. Er til þess fullur vilji hjá Fiskmarkaði Vestfjarða í Bolungarvík að hafa aðkomu að því með móttöku ef ekki semst um við aðra vinnslu á atvinnusóknarsvæðinu sem spannar alla norðanverða Vestfirði. Er það tillaga sveitarstjóra og sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps 2018-2022 f.h. Súðavíkurhrepps að sveitarfélagið fái að halda utan um úthlutun með þeim hætti að hér verði almennt löndunarskylda en fallið frá vinnsluskyldu. Ekkert kemur í veg fyrir að afla verði landað til Vestfisks í Súðavík, ef viðunandi verð fæst og tekið er við fiski án fyrirvara, en stefnt að því að opnuð verði móttaka fyrir Fiskmarkað Vestfjarða við Súðavíkurhöfn en fram að því fiskur annað hvort fluttur á markað.

Umferð um Súðavíkurhöfn er lítil og hefur verið það til langs tíma. Rekstur hafnar er neikvæður á ársgrundvelli og verður það að óbreyttu. Er ljóst að ekki laðar að strandveiðibáta eða krókabáta sem vilja veiða byggðakvóta það fyrirkomulag sem verið hefur undanfarið, hvort heldur er vegna vinnslusamningshafa og óvissu um móttöku á afla.

Verður því kappkostað að einungis þeir bátar sem eru í eigu heimamanna eða fyrirtækja með heimilisfesti í Súðavíkurhreppi fái úthlutun en á almennum grundvelli til samræmis við 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 svo og lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og reglugerða nr. 995/2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðarárinu 2021/2022. Og þá verði sama fyrirkomulag gagnvart frístundabátum Iceland Sea Angling sem gerir út á sjóstangveiði frá Súðavík og hafa til veiðanna sérstakt leyfi. Við úthlutun verði gætt framangreindrar jafnræðisreglu stjórnsýslulaga þannig að jöfn úthlutun verði á alla þá báta sem skráðir eru í Súðavíkurhreppi og hafa til þess gilt veiðileyfi, en þó eitthvað skipt milli annars vegar frístundabáta og hins vegar krókabáta.

Þess ber að geta að Súðavíkurhreppur er hluthafi í Iceland Sea Angling sem hefur hér stöðugildi á ársgrundvelli og umsvif í fátæklegu atvinnulífi á staðnum. Er eignarhluti Súðavíkurhrepps bæði tilkominn með aðkomu fjárfestingasjóðsins Hvetjanda og beinum eignarhluta Súðavíkurhrepps í Iceland Sea Angling sem er með útgerð allt að 18 báta í Súðavík.

Það er því ósk sveitarstjóra fyrir hönd Súðavíkurhrepps að fá undanþágu frá vinnsluskyldu í Súðavík en að afla verði að jafnaði landað í Súðavíkurhöfn.

Þannig gert í Súðavíkurhreppi 31. janúar 2022



Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

Leiðbeiningar vegna tillagna sveitarstjórna um sérreglur vegna byggðakvóta

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2021/2022 er að finna í reglugerð nr. 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2021/2022. Einnig getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga og getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórna sem víkja frá ákvæðum í almennu reglunum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð á tillögum sveitarstjórna er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um fjögurra vikna frest fyrir sveitarstjórnir til að skila tillögum og ákvæði um kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórna á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta til fiskiskipa í byggðarlöginu að grunni til eftirfarandi:

Málsmeðferð sveitarstjórnar

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna úthlutunar byggðakvóta til fiskiskipa. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er í fundargerð um málið.

Afgreiðsla ráðuneytis

1. Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu með áritun sveitarstjórnar eða meðfylgjandi fundargerð.
2. Ráðuneytið móttækur erindi og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
3. Kynning á tillögum sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga.
4. Ráðuneytið móttækur athugasemdir vegna tillögu sveitarfélags og undirbýr kynningu á athugasemdum.
5. Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarfélags. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta.
6. Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að víkja frá skilyrðum á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.
7. Ráðherra staðfestir (eða hafnar) tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
8. Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu.
9. Auglýsing sérreglna send Stjórnartíðindum til birtingar.
10. Ráðuneytið sendir Fiskistofu staðfestar sérreglur.

Auglýsing og afgreiðsla Fiskistofu

Fiskistofa auglýsir í framhaldinu byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlag til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef svo á við.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áforma að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra. Athugið að ekki er nauðsynlegt að tillögur sveitarstjórna feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávík eða breytingu að ræða á ákvæði tiltekinnar gr.

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022	
Sveitarfélag:	Hér skal rita nafn sveitarfélags.
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:	Tillaga varðar úthlutun byggðakvóta Súðavíkurhrepps í Súðavík.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Staðfest af sveitarstjórn að fela sveitarstjóra útfærslu miðað við umræður á 43. Fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2018-2022 dags. 14. janúar 2022, staðfest á fundi þann xx febrúar 2022.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Sjá meðfylgjandi skjal með sérreglum.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Sjá meðfylgjandi greinargerð með sérreglum.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Sjá meðfylgjandi sérreglur um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavíkurhrepp 2021/2022.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Sjá meðfylgjandi sérreglur um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavíkurhrepp 2021/2022 ásamt greinargerð. .
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Sjá meðfylgjandi sérreglur um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavíkurhrepp 2021/2022 ásamt greinargerð.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Sjá meðfylgjandi sérreglur um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavíkurhrepp 2021/2022 ásamt greinargerð.